

Aðild Íslands að ESB og möguleg áhrif á rekstur iðnfyrirtækja

SAMTÖK IÐNAÐARINS
Áfangaskýrsla apríl 2010

Skýrslugerð:

Bjarni Már Gylfason og Kristján Vigfússon

Í kjölfar ályktunar Iðnþings 2009 var settur á stofn stýrihópur innan SI um mikilvægi þess að kanna áhrif aðildar að Evrópusambandinu á hagsmuni íslensks iðnaðar.

Stýrihópnum var ætlað að kafa dýpra í viðfangsefnið en áður hefur verið gert á vegum SI. Við aðildarumsókn íslenskra stjórnvalda að Evrópusambandinu sumarið 2009 breyttust forsendur nokkuð. Áherslan var þá lögð á að skoða viðfangsefnið í samhengi við samningaviðræðurnar, einstaka samningskafla og hagsmuni iðnaðarins. SI koma beint að einstökum samningahópum stjórnvalda og hafa því sérstöku hlutverki að gegna við að miðla upplýsingum, standa vörð um hagsmuni félagsmanna og koma þeim á framfæri við stjórnvöld.

Líklegt er að eiginlegar aðildarviðræður Íslands og Evrópusambandsins hefjist á næstu mánuðum. Í aðildarviðræðum og aðdraganda þeirra verður lagt mat á hver hin eiginlegu áhrif aðildar munu verða á íslensk fyrirtæki og samfélag. Frá sjónarhóli iðnaðarins er lykilatriði að greina hver hin almennu áhrif aðildar á iðnaðinn geti orðið. Hluti af því ferli er að leggja mat á hvernig efnahagsumgjörð síðustu ára hefur reynst. Í framhaldinu þarf að velta því upp hvernig íslenskur iðnaður mun þróast innan eða utan Evrópusambandsins. Mikilvægt er að kanna þetta til hlítar ekki síst í því ljósi að atvinnuleysi er um þessar mundir hátt í sögulegu samhengi og að fólki á vinnufærum aldri kann að fjölga verulega á næstu árum. Líklegt er að á næstu 5-6 árum þurfi að skapa 3.000 ný störf árlega til að mæta þessari þörf. Atvinnusköpun og hagvöxtur þurfa því að vera framarlega í forgangsröð stjórnvalda og án efa mun iðnaðurinn gegna lykilhlutverki á næstu árum í því sambandi.

Þessi áfangaskýrsla er liður í starfinu og er ætlað að nýtast SI í komandi samningaviðræðum. Vinnan mun einnig nýtast við að móta afstöðu til einstakra álitamála sem og til að greina þá þætti sem fyrirtækin og félagsmenn hafa helst áhyggjur af í þeim viðræðum sem framundan eru. Efni skýrslunnar er til stöðugar endurskoðunar enda ljóst að margir óvissuþættir eru enn til staðar.

Í stýrihópnum sitja Jón Sigurðsson formaður, Tómas Már Sigurðsson, Finnur Geirsson og Hörður Arnarson. Stýrihópurinn fékk til liðs við sig sérfræðinga frá Háskólanum í Reykjavík og Háskóla Íslands. Strax í upphafi var ákveðið að skipta vinnunni upp í a.m.k. þrjá grunnþætti. Í fyrsta lagi að kanna hug félagsmanna SI til aðildar, væntingar þeirra og áhyggjur. Í öðru lagi kanna hvaða áhrif hugsanleg aðild að Evrópusambandinu hefði á hinar ýmsu greinar og fyrirtækin innan samtakanna og loks að setja upp upplýsinga- og samskiptavef um Evrópumál fyrir félagsmenn.

Skýrslan byggir á mati höfunda sem fengið er með vandlegri rannsóknarvinnu og samtölum við félagsmenn. Skýrslan eða einstök sjónarmið sem í henni koma fram þurfa ekki að endurspeglar viðhorf Samtaka iðnaðarins eða einstakra fyrirtækja innan þeirra.

Samantekt – helstu niðurstöður

- ✓ Í þessari áfangaskýrslu er lagt mat á áhrif aðildar að Evrópusambandinu á íslenskan iðnað. Skýrslan er unnin af starfsmönnum SI ásamt ráðgjafa í samstarfi við fjölmarga félagsmenn úr ólíkum greinum. Að baki skýrslunnar er stýrihópur sem lagði línurnar. Skýrslan er send út til félagsmanna í Samtökum iðnaðarins.
- ✓ Mikil áhersla er lögð á vandaða aðferðafræði og að sjónarmið félagsmanna endurspeglar. Notast var við rýnihópa til að draga fram þau atriði sem skipta félagsmenn máli. Til að kafa dýpra var stuðst við tilviksrannsóknir (Case studies) og hefðbundnar skrifborðsrannsóknir.
- ✓ Samtök iðnaðarins eru stærstu samtök atvinnurekenda á Íslandi. Iðnaðurinn á Íslandi skapar tæpan fjórðung landsframleiðslunnar, veitir um 20% landsmanna atvinnu og aflar þriðjungs af heildargjaldeyrstekjum þjóðarbúsins. Hagsmunir og sjónarmið iðnaðarins hljóta því að vega þungt í almennri umræðu.
- ✓ Félagsmenn SI telja að umræða um ESB sé óheppilega tilfinningaþrungin og einkennist af upphrópunum beggja fylkinga. Úr því þurfi að bæta og þar getur framlag SI skipt miklu.
- ✓ Félagsmenn SI telja að umræðan snúist of mikið um hagsmuni sjávarútvegs og landbúnaðar. Umræða í samfélaginu þarf einnig að taka mið af víðtækum almannahagsmunum. Allir telja þó að mikilvægt sé að standa vörð um sjávarútveg og landbúnað – ella verði aðild aldrei samþykkt. Þessi umræða má þó ekki vera á kostnað heildarhagsmuna þjóðarinnar.
- ✓ Umræða félagsmanna um mikilvægi þess að skipta út krónu er áberandi bæði meðal þeirra sem eru með og á móti aðild. Flestir eiga erfitt með að sjá iðnaðinn vaxa og dafna með áframhaldandi notkun á krónu.
- ✓ Ljóst er að ákall félagsmanna um stöðugleika í efnahagslífinu er hávært. Veikt gengi krónunnar um þessar mundir hefur bætt starfsskilyrði margra, a.m.k. til skamms tíma, en greiðslubyrði erlendra lána er erfið.
- ✓ Þótt umræða um evru sé hávær vilja margir beina umræðu í fleiri áttir s.s. að almennum viðskiptahagsmunum og trúverðugleika Íslands í alþjóðasamfélaginu.
- ✓ Aðild að ESB ein og sér er ekki ávísun á stöðugleika og lægri vexti – aðild felur hins vegar í sér tækifæri til að bæta starfsskilyrði. Aðild felur í sér hagstjórnarramma sem gerir miklar kröfur um aga í efnahagstjórninni.
- ✓ Lækkaður fjármagnskostnaður, betra aðgengi að fjármögnun, aukin samkeppnishæfni, tollabreytingar, opinber útboð og samstarfsáætlanir ESB eru meðal þátta sem geta haft áhrif á

félagsmenn. Einnig verða breytingar í margvíslegu eftirliti og hagtölugerð sem mun hafa áhrif. Í flestum tilfellum eru breytingar jákvæðar en á vissum sviðum geta breytingar verið til verri vegar – þeim hagsmunum þarf að halda til haga í aðildarviðræðum.

- ✓ Mörg fyrirtæki innan samtakanna hafa mikla hagsmuni af því að hér á landi verði áfram starfræktur öflugur sjávarútvegur og telja því afar mikilvægt að sjávarútvegssamningur Íslands og ESB verði hagstæður.
- ✓ Almennt má segja að starfsemi fyrirtækja innan Samtaka iðnaðarins falli undir ákvæði EES-samningsins um frjálst flæði vöru, þjónustu og fjármagns. Bein áhrif aðildar, ef undanskilin eru fjármálaleg áhrif vegna mögulegrar upptöku evru og aukins stöðugleika, er því takmörkuð.
- ✓ Almennt mun mjólkur- og kjötiðnaður líklega verða fyrir miklum neikvæðum áhrifum við aðild. Félagsmenn í þessum greinum, með fáeinum undantekningum, eru andsnúnir aðild að ESB.

Aðferðafræði

Tilviks- rannsóknir

Þrjár megin aðferðir voru notaðar til að nálgast viðfangsefnið. Í fyrsta lagi svokölluð tilviksrannsókn (Case studies) sem í þessu tilfalli er rannsókn eða skoðun á einstökum fyrirtækjum með tilliti til viðfangsefnisins, þ.e. að kanna áhrif aðildar að Evrópu-sambandinu á starfsemi viðkomandi fyrirtækja. Aðferðin byggir á upplýsingasöfnun, notkun fyrirliggjandi gagna og viðtölum við lykilstarfsmenn í fyrirtækjum. Í framhaldi af þessari vinnu voru dregnar ályktanir um áhrif hugsanlegra breytinga á viðkomandi fyrirtæki. Innan SI er að finna um 12 skilgreinda starfsgreinahópa. Lögð var áhersla á aðkomu sem flestra greina.

Rýnihópar

Í öðru lagi voru skoðanir og möguleg áhrif aðildar könnuð í rýnihópum. Rýnihópar byggja á umræðum einstaklinga í hóp um ákveðið málafni. Þannig er hægt að fá fram mikið af upplýsingum á skömmum tíma og annars konar innsýn í skoðanir fólks en fengist með spurningakönnunum. Þátttakendur voru félagsmenn SI í nokkrum starfsgreinahópum. Áhersla var lögð á það að koma sem flestum sjónarmiðum á framfæri.

Fyrirliggjandi gögn

Í þriðja lagi var unnið úr fyrirliggjandi gögnum og úttektum sem gerðar hafa verið af SI og fleiri aðilum um áhrif aðildar á hagsmuni atvinnuveganna.

Við val á aðferðafræði var horft til þess að ná sem best utan um þá fjölbreyttu flóru fyrirtækja sem eru innan SI. Þessi skýrsla er ekki tæmandi yfir þau atriðið sem kunna skipta máli og ljóst er að margt af því sem upphaflega var áætlað að kanna í þessu verkefni verður einungis leitt í ljós í aðdraganda aðildarviðræðna og í viðræðunum sjálfum. Ýmsum mikilvægum atriðum er því enn ósvarað.

Þessi skýrsla er áfangaskýrsla og ætluð til að upplýsa félagsmenn um áhrif aðildar og vera grundvöllur að frekari umræðu á vettvangi SI.

Kafli 1 – Hvað segja félagsmenn Samtaka iðnaðarins?

Í þessum kafla hafa verið dregnar fram helstu skoðanir þeirra félagsmanna sem tóku þátt í starfinu. Ekki er gerð tilraun til að leggja mat á eða svara þessum sjónarmiðum – þau eru einungis reifuð. Í seinni hluta skýrslunnar er farið nánar í einstök atriði og þau skýrð.

Tilfinningaþrungin umræða um ESB

Almennt má segja að félagsmönnum SI finnist umræðan um Evrópumál ómálefnaleg og oft á tíðum „tilfinningaumræða sem einkennist af upphrópunum“. Flestum finnst umræðan heilt yfir einsleit, líkjast helst pólitískum skotgrafahernaði, einskorðast nær eingöngu við hagsmuni landbúnaðar og sjávarútvegs og þar að auki að mestu bundin við neikvæðar afleiðingar inngöngu fyrir þessar tvær greinar. Umræðan er m.a. talin einsleit út frá því hverjir tjá sig og á hvaða forsendum.

Alltaf sama fólk

Sú skoðun meðal félagsmanna var áberandi að mikið væri talað við sama fólk í fjölmiðlum og raddir kvenna heyrðust lítið í umræðunni. Túlkanir beggja fylkinga séu í upphrópanastíl þar sem teiknaðar eru upp svarthvítar myndir af afleiðingum aðildar fyrir fyrirtækin og almenning í landinu. „Eftir sitji hinn almenni borgari litlu nær og viti ekki hverju eigi að trúá“. Félagsmenn kalla eftir hlutlausum og ábyggilegum upplýsingum um áhrif aðildar á heildarhagsmuni þjóðarinnar.

Ekki bara sjávarútvegur og landbúnaður

Það var mat þeirra sem tóku þátt í rannsókninni að áherslan í umræðunni um áhrif aðildar á sjávarútveg og landbúnað væri á kostnað málefnalegrar umræðu um kosti og galla fyrir aðrar atvinnugreinar, þar með talið iðnaðinn, sem og heildarhagsmuni þjóðarinnar.

Gjaldmiðill vegur þungt

Krónan truflar alla

Þegar rætt er um kosti þess að ganga í ESB nefna langflestir gjaldmiðilsmálin og evruna og telja að aukinn stöðugleiki sé eftirsóknarverður fyrir fyrirtækin og íslenskt efnahagslíf. Margir ganga svo langt að segja að nýr gjaldmiðill sé lífsspursmál til lengri tíma lítið því samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs sé í húfi. Lægri vextir sambærilegir við nágrannalöndin séu mikilvægir því þá lækki fjármagnskostnaður atvinnulífsins auk þess sem stöðugri gjaldmiðill komi í veg fyrir tíð verðbólguþot. Síðast en ekki síst var mikið gert úr mikilvægi þess að komast í umhverfi þar sem stjórnendur þurfa ekki að eyða stórum hluta af tíma sínum í gengismál og samningagerð þar að lútandi. Ennfremur kom fram hjá öllum sem tóku þátt að við óbreyttar aðstæður sé ekki hægt að gera áætlanir um rekstur til lengri eða skemmri tíma.

Evran ekki það eina sem skiptir máli

Þrátt fyrir að umræða um evru vegi þungt og sveiflur í gengi krónunnar hafi leikið marga grátt nefndu margir að umræðan snerist of mikið um evruna sem hefði þær afleiðingar að það væri „ekkert verið að pæla í öðrum kostum og göllum við ESB“. Nokkuð bar á umræðu um vinnumarkaðsmál og atvinnuleysi og virtust sumir óttast að upptaka evru myndi hafa í för með sér hærra atvinnuleysi.

Nauðsynlegt að viðhalda sveigjanleika á vinnumarkaði

Einnig kom oft fram það sjónarmið að lög og reglur ESB væru stífar og flóknar á mörgum sviðum. Til að mynda heyrðist oft að reglur varðandi ráðningu og brottrekstur starfsfólks væru stífar og flóknar. Þó virtust margir átta sig á að slíkar reglur hafa lítið með ESB að gera heldur sérstakar aðstæður í mismunandi löndum. Þátttakendur töldu mikilvægt að varðveita sveigjanleika á íslenskum vinnumarkaði.

Kvik umræða

Eitt af því sem talsvert er rætt í almennri umræðu vegna mögulegrar aðildar að ESB er framsal á fullveldi Íslands til Brussel og að ýmsar formlegar ákvarðanir um t.d. kvóta verði teknar þar. Þegar rætt er við stjórnendur iðnfyrirtækja um áhrif aðildar á rekstur og starfsskilyrði ber ekki mikið á þessari umræðu. Það er hins vegar aldrei langt í hana og ljóst að margir eiga erfitt með að gera greinarmun á sínum persónulegu sjónarmiðum og þáttum er varða rekstur fyrirtækisins með beinum hætti. Almenn má þó segja að álitamál varðandi fullveldi, stjórnarskrá og þess háttar verði ekki rekstur og starfsskilyrði iðnfyrirtækja með beinum hætti. Það sjónarmið að nauðsynlegt sé að ganga í Evrópusambandið til að losna við spillingu og kunningjatengsl þar einnig nokkuð á góma. Hér væri búið að „klúðra“ öllu og því þyrfti styrk utanaðkomandi stjórn að taka við. Margir töldu að Íslendingar hefðu orðið jákvæðari gagnvart aðild fyrst eftir hrun, þá hafi aðild virkað sem haldreipi og ástandið gæti ekki orðið verra. Annað sjónarmið var að fyrst þyrfti að taka til hér heima og ekki kæmi til greina að ganga inn í sambandið á hnjánum. Umræða á þessum nótum virðist vera afar kvik.

Hörð andstaða er til staðar meðal félagsmanna

Þá komu einnig fram sjónarmið sem byggja á algerrri andstöðu við aðild. Þar ber fyrst að nefna áhyggjur af yfirráðum yfir náttúru- auðlindum landsins bæði til lands og sjávar. Í öðru lagi fullveldið og að Ísland fengi litlu að ráða innan sambandsins. Loks kosti þess að hafa sem mesta stjórn á eigin hagkerfi með eigin gjaldmiðli þar sem hagsveiflur Íslands og Evrópusambandsins fari illa saman.

Traust og trúverðugleiki

„Það verður að vera agi“

Í umræðunum kom berlega í ljós vantraust til stjórnámálanna og fannst sumum að meiri áherslu mætti leggja á að aðhald í fjármálum verði meira við aðild. Í einum hópanna kom fram sú skoðun að ríkin innan ESB ættu að veita hvert öðru aðhald með því að gefa „gula spjaldið“ þegar farið væri nærri hættumörkum. Aðhaldið gæti virkað eins og spennitreyja, ekki of strangt en þó nóg til að koma í veg fyrir að hér fari allt aftur á annan endann. Nauðsyn þess að auka á aga í hagstjórn var oft nefnd.

Nokkuð þar á umræðu um samastað Íslands í samfélagi þjóðanna. Eftir því sem umræða um Icesave jókst í samfélaginu m.a. meðan á rýnihópavinnunni stóð mátti greina meðal félagsmanna gremju sem beindist m.a. að ESB.

Áhrif aðildar annarsstaðar

Þá kom fram að kynna mætti betur hver áhrif aðildar hefðu verið í löndunum næst okkur eins og Finnlandi og Svíþjóð þar sem reynsla væri komin á aðild. Þrátt fyrir óskir um upplýsingar af þessum toga viðurkenndu flestir sem rætt var við að þeir hefðu lítið lagt sig fram við að kynna sér gögn sem til eru sem í mörgum tilfellum eru mjög ítarleg um aðild þessara tveggja landa.

Samtök iðnaðarins í ábyrgðarhlutverki

Þátttakendur voru sammála um að SI hefðu staðið sig ágætlega í umræðunni og afstaða þeirra væri skýr. Þó kom fram að kynna mætti betur á hverju afstaða SI byggir. Bent var á að ef stöðugleiki er helsta hagsmunamál SI þá verði að gera betur grein fyrir hvernig honum verður náð við inngöngu. Margir efast til að mynda um að gengissveiflur hverfi við það eitt að taka upp evruna og þarfnast útskýringa á því hvers vegna gera megi ráð fyrir að sveiflur verði minni við aðild. Ennfremur var bent á fjalla þurfi um með hvaða hætti vaxtastýring verði og hugsanlegar afleiðingar hennar. Þá finnst félagsmönnum að umræðan yrði trúverðugri ef mögulegar ógnanir yrðu einnig kynntar. Það væri ósannfærandi að heyra rökstuðning þar sem engar mótraddir heyrðust. Forsvarsmenn smærri fyrirtækja og einyrkjar lögðu áherslu á að hagsmunum smáfyrirtækja og stærri fyrirtækja væri gert jafnt undir höfuð í skoðun og umræðu. Fram kom hjá öllum sem tóku þátt að það væri jákvætt að fá tækifæri til að koma að þessari vinnu og jafnframt væri mikilvægt og gagnlegt að samtökin nýttu krafta sína til fræðslu og upplýsingagjafar varðandi Evrópumál. Margir buðu fram frekari krafta og lýstu áhuga á að koma að vinnunni á síðari stigum en öllum þótti ljóst að í hönd færi ferli sem tæki talsverðan tíma.

Trúverðugleiki

Að lokum kom berlega í ljós að traust og trúverðugleiki skiptir miklu nú þegar hræðsla og óöryggi í samfélaginu er áberandi. Talað var um að SI gæti áunnið sér þetta traust með því að fjalla hlutlaust um báðar hliðar málsins og virkja sem flesta félagsmenn í umræðunni. Einnig var nefnt að mikilvægt væri að sjónarmið kvenna heyrðust og þannig mætti ná til breiðari hóps.

Hlutlaus umræða

Kafli 2 – Almenn áhrif aðildar

Í þessum kafla er fjallað um almenn atriði sem varða hagsmuni allra starfsgreina innan SI. Markmiðið með er að draga fram þau atriði sem helst komu fram bæði í viðtölum við einstök fyrirtæki, rýnihópum og í greiningu SI á starfsskilyrðum iðnaðarins á síðustu árum og snerta Evrópumál. Í næsta kafla er hins vegar farið í sértækari þætti er varða einstakar greinar.

Nálgunin að viðfangsefnunum felst einkum í að skoða hvaða ógnanir og tækifæri gætu falist í aðild fyrir iðnaðinn. Þó er ljóst að mörg atriði sem mögulega geta skipt máli verða aðeins leidd til lykta í aðildarviðræðum. Vegna þessa er mikilvægt að óvissupáttum vegna aðildar sé haldið til haga.

Takmörkuð áhrif vegna EES

Í mörgum tilfellum myndi aðild Íslands að ESB ein og sér engin sérstök áhrif hafa á rekstur fyrirtækjanna. m.a. vegna þess að vörur, þjónusta og starfsemi flestra fellur undir ákvæði EES-samningsins um frjálst vöru- og þjónustufærni, frjálsa för vinnuafls, fjármagns og frjálsa samkeppni innan svæðisins. Með öðrum orðum þá er markaðsaðgangur, frelsi til að stofna rekstur og stunda viðskipti á 550 milljóna markaði tryggður með EES-samningnum. Hér er þó rétt að hafa í huga að núna hefur Ísland undanþágu frá meginreglu EES-samningsins um frjálsa för fjármagns vegna gjaldeyrishaftanna. Vari það ástand lengi er óvíst hvaða áhrif það hefur á EES samninginn.

Stöðugleiki og evran

Forsvarsmenn fyrirtækjanna telja stöðugra rekstrarumhverfi, lægri fjármagnskostnað og gjaldmiðil sem er gjaldgengur í milliríkja-viðskiptum algjöra forsendu fyrir bættum og samkeppnishæfum rekstrarskilyrðum.

Fram kom hjá flestum að með evrunni kæmist á stöðugleiki í gengi og almennt starfsumhverfi fyrirtækjanna. Nauðsynlegt væri að ná fram lægri vöxtum og lægri verðbólgu og geta gert áætlanir fram í tímann. Kostnaður samfélagsins við rekstur íslensku krónunnar væri alltof mikill og dýru verði keyptur fyrir almenning og atvinnulífið. Allir viðmælendur voru sammála um að krónan gangi ekki til lengdar í íslensku rekstrarumhverfi en skiptar skoðanir voru um hvernig ætti að leysa hana af hólmi. Veikt gengi krónunnar bætir rekstrarskilyrði þeirra sem eru í útflutningi og samkeppni við innflutning. Sú staðreynd breytti hins vegar ekki því langtímasjónarmiði að áframhaldandi notkun á krónu mun líklega þýða áframhaldandi óstöðugleika.

Margir lýstu áhyggjum þess efnis að það myndi taka Ísland alltof langan tíma að uppfylla Maastrichtskilyrðin. Upptaka evru væri því ekki í sjónmáli í nánustu framtíð og stöðugleiki þess vegna ekki tryggður með inngöngu í ESB. Þá mætti ekki gleyma því að innganga í ESB gerir Íslendinga ekki sjálfkrafa betri í efnahagsstjórn.

***Evra í stað
krónu***

Þótt innganga Íslands í ESB sé nauðsynleg forsenda fyrir upptöku evru er hún ekki nægjanleg ástæða að allra mati. Talað var um að með því að setja samasemmerki milli aðildar og upptöku evru væri verið að gefa Íslendingum tálvon þar sem langt væri í land fyrir Íslendinga að uppfylla skilyrði ESB fyrir upptöku evrunnar. Einnig var það nefnt að hagsveiflur Íslands færu ekki með hagsveiflum ESB sem gæti jafnvel þýtt enn meiri óstöðugleika.

Þetta atriði er þó umdeilt enda margt sem bendir til að aðild að ESB og upptaka evru muni hafi þau áhrif að hagsveiflur verði samhverfari – það varð raunin víða í Evrópu.

Fjármagnskostnaður og samkeppnishæfni

Fram kom hjá fyrirtækjum sem starfa á alþjóðlegum mörkuðum að fjármögnun væri geysilega erfið og svokallað Íslandsálag fylgdi íslenskum fyrirtækjum, jafnvel þótt yfir 90% af tekjunum og starfseminni væri á erlendum mörkuðum. Verði Ísland í framtíðinni utan ESB eru litlar líkur á að stór alþjóðleg fyrirtæki, þó þau séu íslensk að upplagi, verði skráð hérlendis. Ástæðan er fyrst og fremst sú að keppinautar njóta betri starfsskilyrða og eru samkeppnishæfari. Munurinn liggur í því að aðgengi að fjárfestum og fjármögnun er takmarkaðri ef félag er skráð á Íslandi. Einnig kom fram að eftir að umsókn Íslands að ESB lá fyrir hefði betri árangur náðst við að sækja fjármagn á erlendum mörkuðum.

Margir töldu erlenda fjárfesta ekki vilja koma að fjárfestingum hér á landi eða í íslenskum fyrirtækjum vegna ótta við íslensku krónuna.

Rekstraráætlanir og samningagerð

Hjá mörgum fyrirtækjum kom fram að menn treysti sér ekki til að gera samninga við birgja, um dreifingu, flutning eða önnur atriði sem tengjast rekstrinum, hvorki til lengri eða skemmri tíma vegna óvissu í gengismálum. Þetta er að allra mati mjög bagalegt og hefur mikla óhagkvæmni og óhagræði í för með sér.

Þjónusta við sjávarútveginn

Mörg iðnfyrirtæki hafa nán tengsl við sjávarútveginn. Þau eiga mikið undir því að sjávarútvegsfyrirtæki vaxi og dafni enda sinna þau fjölbreyttri þjónustu og sjá þeim fyrir margvíslegum aðföngum. Þetta sjónarmið kom sérstaklega sterkt fram hjá fyrirtækjum í mál- og véltækni en einnig hjá öðrum, s.s. í upplýsingatækni, prentun og plasti. Hagsmunir þessa hluta iðnaðarins eru samofnir afkomu og framtíðarhorfum sjávarútvegsins á Íslandi og öfugt. Að mati þeirra skiptir því miklu að gæta hagsmuna sjávarútvegs í aðildarviðræðum.

Tollamál

Eitt af þeim atriðum sem forsvarsmenn fyrirtækjanna telja að geti haft áhrif á starfsemina er breytt tollaumhverfi. Í flestum tilfellum eru vöruviðskipti tollfrjáls við ESB en hins vegar yrði breyting á tollafgreiðslu þar sem vörusendingar yrðu með svipuðum hætti og nú tíðkast með sendingar innanlands. Vöruviðskipti við lönd utan sambandsins yrðu með svipuðum hætti og nú tíðkast en með

Íslandsálag

Samningagerð erfið

Sjávarútvegurinn er mikilvægur fyrir iðnaðinn

Samanburður á tollskrá

sameiginlegri tollskrá ESB. Tollskrá Íslands og ESB er byggð upp með sama hætti en í einhverjum tilfellum geta tollar verið frábrugðnir.

Ekki er enn til samanburður á tollskrá til að hægt sé að leggja mat á áhrifin. Á þessu sviði kunna að verða breytingar er varða starfsemi einstakra fyrirtækja en almennt er talið að þær séu óverulegar nema þegar kemur að landbúnaðarvörum og á súráli sem er lykilhráefni við álframleiðslu. Nánar er fjallað um tollamál í umfjöllun um einstakar greinar.

Opinber útboð

Opinber útboð eru veigamikill þáttur í rekstri hins opinbera og ekki síður í verkefnum hjá fyrirtækjum í byggingariðnaði og mannvirkjagerð. Ísland hefur innleitt helstu tilskipanir ESB um opinber útboð. Fyrirtækjum í byggingariðnaði þykir hins vegar að margt megi betur fara í framkvæmd þeirra reglna og telja að við það muni hagur íslenskra fyrirtækja batnað. Þetta atriði er raunar staðfest í álitni framkvæmdastjórnar ESB um aðildarumsókn Íslands.

Hagtölur

Eitt af þeim atriðum sem greinar og einstök fyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins hafa talsvert kvartað undan síðustu ár er skortur á margvíslegri tölfræði sem lýsir stöðu greinanna. Með aðild að ESB kann að verða breyting hér á þar sem kröfur sambandsins eru talsvert ríkari en þær kröfur sem lagðar eru á okkur vegna EES-samningsins. Rétt er þó að taka fram að ýmsar kvaðir eru lagðar á okkur nú þegar vegna EES án þess að unnið sé eftir þeim m.a. hvað varðar söfnun upplýsinga um framleiðslu fyrirtækja.

Kafli 3 - Áhrif á einstakar starfsgreinar

Í þessum kafla er farið yfir veigamikil atriði í stuttu máli er varða hagsmuni einstakra starfsgreina innan Samtaka iðnaðarins. Einnig er eftir atvikum vikið að núverandi starfsskilyrðum viðkomandi greina. Hér er ekki um tæmandi yfirlit að ræða yfir öll möguleg áhrif aðildar á einstakar greinar enda ljóst að margvísleg atriði, einkum þau er varða landbúnaðarmál, verða einungis útkljáð í aðildarviðræðum við ESB.

Í þessari yfirferð hefur verið horft til eftirfarandi hópa í mismiklu mæli þó:



Málmiðnaður og véltækni

Málmiðnaður er fjölbreytt atvinnugrein sem spannar mörg ólík svið, allt frá fínsmíði til smíði stærstu mannvirkja. Uppsetning og viðhald véla af öllu tagi er fyrirferðamikil auk málmsteypu og blikksmíði. Skipasmíðaiðnaður er jafnan talinn sem hluti af þessari grein innan SI. Af einstökum greinum innan samtakanna virðist ástandið vera einna best í málmiðnaði og véltækni. Þrátt fyrir efnahagslægdina hefur verkefnastaða víða verið góð og nokkuð góður gangur í greininni almennt. Ástæðan fyrir þessu liggur m.a. í því að mörg fyrirtæki í greininni hafa byggt afkomu sína á þjónustu við skip, verksmiðjur og önnur atvinnutæki. Gengislækkun krónunnar hefur haft jákvæð áhrif á rekstrar- og samkeppnisstöðu fyrirtækjanna en auðvitað hafa erlend lán hækkað sem og erlend aðföng. Horft til næstu missera munu ákvarðanir um virkjanir, einkum gufuaflsvirkjanir og bygging iðjuvera hafa mikil áhrif á framgang greinarinnar.

Vörur og starfsemi fyrirtækja í málmiðnaði falla undir EES-samninginn um frjálst flæði vöru, þjónustu, vinnuafis og fjármagns. Ef undanskilin eru fjárhagsleg áhrif vegna upptöku evru og mögulegrar lækkunar á fjármagnskostnaði má gera ráð fyrir að litlar breytingar verði á starfsemi fyrirtækja í greininni.

Góð staða

**Margvísleg
tækifæri**

Allmörg tækifæri kunna að felast í greininni við aðild að ESB. Nefna má uppbyggingu olíubirgðastöðva í samræmi við kröfur um lágmarksolíubirgðir, samgönguáætlanir og mögulega uppbyggingu upptökumannvirkja fyrir stærri skip. Þá mætti einnig hugsa sér að í tengslum við endurskilgreiningu á samgöngukerfi fyrir ESB og/eða öryggissjónarmið á norðurslóðum séu tækifæri, en þau geta auðveldlega átt við um ýmsar aðrar greinar líka.

Málmiðnaður er sú grein sem er í einna nánustu tengslum við sjávarútveginn. Það sjónarmið að tryggja þurfi vel hagsmuni íslensks sjávarútvegs í aðildarviðræðum við ESB skiptir málmiðnaðinn verulegu máli.

Prentiðnaður

Eftir að gengi krónunnar féll árið 2008 hafa starfsskilyrði í prentiðnaði batnað talsvert, a.m.k. hvað varðar samkeppnisskilyrði við innflutning. Prentun bóka hefur mikið til flust heim aftur og verðmæti útflutnings aukist nokkuð. Á hinn bóginn hefur prentun á auglýsingum, bæklingum og dagblöðum dregist saman í takti við almennan samdrátt í hagkerfinu. Prentun er kvik þjónusta og samkeppni hörð við alþjóðleg fyrirtæki, sérstaklega þegar kemur að stærri verkefnum og eru helstu samkeppnisaðilar fyrirtæki á Norðurlöndum, í Asíu og Austur Evrópu. Fjarlægðarvernd er því lítil auk þess sem erlendir keppinautar búa við hagfelldari fjármagns-kostnað. Á móti kemur að orkuverð er lægra á Íslandi sem og húsnæðiskostnaður. Allmörg fyrirtæki í greininni hafa endurnýjað mikið af tækjum og búnaði og tekið til þess erlend lán sem hafa hækkað með falli krónunnar auk þess sem innflutt hráefni hafa hækkað mikið í verði. Þrátt fyrir nokkuð hagfelld samkeppnisskilyrði um þessar mundir hefur gengi krónunnar og sveiflur reynst fyrirtækjum erfið.

**Bætt
samkeppnisstaða**

Telja má víst að nokkur umframframleiðslugeta sé fyrir hendi í greininni og ekki fyrirsjáanlegur vöxtur umfram almennan vöxt íslenska hagkerfisins. Forsvarsmenn í þessari grein tiltóku sérstaklega hversu erfitt væri að gera áætlanir í rekstri varðandi fjárfestingar, við birgja og eða dreifingaraðila. Eina stundina væri hagstætt að vinna á erlendri grundu og hina hér heima. Fjárfesting nýttist illa við þessar aðstæður auk þess sem sveiflur hefðu gríðarleg áhrif á afkomuna.

Vörur og starfsemi fyrirtækja í prentiðnaði falla undir EES samninginn um frjálst flæði vara, vinnuafis og fjármagns. Af þeim sökum má reikna með takmörkuðum beinum áhrifum á greinina.

Upplýsingatækni

Upplýsingatækni er fjölþætt atvinnugrein sem hefur það sameiginlega einkenni að vinna með tölvutækni á ýmsum sviðum. Fyrirtæki í greininni þróa og hanna margvíslegan hugbúnað, veita ráðgjöf, selja og þjónusta vélbúnað. Stærsti hluti greinarinnar starfar einkum á heimamarkaði og þjónustar önnur fyrirtæki, opinberar stofnanir og heimili.

Vaxandi þáttur hjá upplýsingatæknifyrirtækjum er útflutningur. Gera

Vaxandi útflutningur

má ráð fyrir að útflutningur á tölvu- og tækniþjónustu á árinu 2009 hafi numið um 15 milljörðum króna. Til samanburður var velta tölvuþjónustu um 40 milljarðar árið 2009 en stór hluti af því liggur í sölu á margvíslegum búnaði. Fyrirtæki í þessari grein virðast ætla að standa efnahagssamdráttinn þokkalega vel af sér. Líklegt er að samdráttur í greininni verði að jafnaði svipaður og í efnahagslífinu almennt. Sala á innfluttum búnaði dregst líklega meira saman en viðhald og þjónusta enda ljóst að hlutfall innlendra og erlendra kostnaðarliða breyttist mikið við gengislækkun krónunnar.

Almennt gildir að þjónusta og framleiðsla fyrirtækja í þessum greinum falla undir EES samning um frjálst flæði vara, vinnuafis og fjármagns. Bein áhrif aðildar eru því takmörkuð. Einkum er erfitt að leggja mat á sprotafyrirtæki þar sem þau eru í raun í öllum atvinnugreinum þótt sprotafyrirtæki í upplýsingatækni séu fyrirferðamikil. Að mati margra fyrirtækja má gera ráð fyrir að margvísleg tækifæri geti skapast með betri aðgangi að ýmsum áætlunum ESB án þess þó að eitthvað sé fast í hendi. Dæmi eru um að íslenskum fyrirtækjum hafi gengið illa að selja og markaðssetja hugbúnaðarlausnir vegna veru sinnar fyrir utan ESB.

Sprotar

Sprotafyrirtæki eru venjulega sprottin upp úr rannsókn- eða þróunarverkefnum einstaklinga, þróunarhópa, háskóla, rannsóknastofnana eða annarra fyrirtækja og byggjast á sérhæfðri þekkingu, tækni eða öðru nýnæmi. Gengið er út frá því viðmiði að árlegur þróunarkostnaður sprotafyrirtækja sé að jafnaði yfir 10% af veltu. Í mörgum tilfellum, einkum hjá smæstu fyrirtækjunum í þessum flokki, er þetta hlutfall mun hærra. Starfsskilyrði þessara fyrirtækja er um margt betri nú en oft áður vegna lægra gengis en aðgengi að fjármagni er takmarkað og fjármagnskostnaður er hár. Á mótí lágu gengi vinnur hins vegar að allur sölu- og markaðskostnaður erlendis hefur hækkað mikið. Þrátt fyrir að atvinnuleysi sé nokkuð hátt virðist vera skortur á hæfu starfsfólki í sprotafyrirtækjum.

ESB er hátæknisinnað

Ef litið er til atvinnustefnu ESB er vægi hátækni- og sprotafyrirtækja mikið eins og vel sést í Lissabonáætlun sambandsins um samkeppnishæfni ESB. Það má því leiða að því líkur að möguleikar íslenskra tækniyrirtækja við að sækja í margvíslega styrki eða alþjóðlegt samstarf geti aukist verulega við aðild að ESB. Auk almennra efnahagslegra þátta er eru einkum tækifæri í margvíslegum samstarfsáætlunum ESB fyrir sprotafyrirtæki. Áhersla ESB á umhverfis- og orkumál fela einnig tækifæri í sér fyrir íslenska sprota því fyriræki á þessu sviði eru mörg í geiranum.

Þjónustuiðnaður

Þjónustuiðnaður er fjölbreytt starfsgrein sem samanstendur einkum af iðnmeisturum. Meðal iðngreina sem falla undir þennan flokk eru hárgreiðslumeistarar, snyrtifræðingar, gullsmiðir, klæðskerar, ljósmyndarar, tannsmiðir og úrsmiðir. Algengt er að fyrirtækin í þessari grein séu smá en þeim mun fleiri. Starfsemin gengur að miklu leyti út á einstaklingsþjónustu og því er greinin tiltölulega mannaflsfræk. Núverandi efnahagsþrengingar hafa mismunandi áhrif á þessi fyrirtæki vegna þess hversu misnæmar vörur og þjónusta

þeirra er fyrir efnahagsþrengingum. Hluti þessarar greinar finnur vel fyrir auknum ferðannastraumi, einkum þeir sem smíða margskonar gripi ætlaða ferðamönnum. Veiking krónunnar hefur komið þessum hópi vel. Veiking krónunnar hefur einnig hjálpað þeim sem hafa hingað til þurft að keppa við innfluttar vörur. Að sjálfsgöðu finnur þessi hópur fyrirtækja fyrir hækkandi greiðslubyrði erlendra lána og innfluttra hráefna.

**Almenn
starfsskilyrði
skipta mestu**

Almennt má segja að fyrirtæki í þjónustuiðnaði verði fyrir takmörkuðum beinum áhrifum vegna mögulegrar aðildar að ESB. Stór hluti þjónustuiðnaðar er fjarlægðarverndaður og verður þjónustan hvorki flutt út eða inn – hárskurður og snyrting er gott dæmi um slíka þjónustu.

Í þjónustuiðnaði, líkt og í flestum öðrum greinum, skipta almenn starfsskilyrði mestu máli, lágir vextir, lítil verðbólga og stöðugt gengi. Greinin sveiflast í jöfnum takti við efnahagslífið í heild sinni og því skiptir það þennan hóp fyrirtækja mestu að ná almennri eftirspurn á flug.

Byggingariðnaður og mannvirkjagerð

Þröng staða

Byggingariðnaðurinn er sú atvinnugrein á Íslandi sem hefur orðið hvað harðast úti í efnahagssamdrættinum. Atvinnuleysi í greininni er hátt og talið er að starfmönnum hafi fækkað um a.m.k. helming frá því hann náði hámarki snemma árs 2008. Erfiðleikarnir stafa af lágmarksfjárfestingum hjá heimilum, hinu opinbera og í atvinnulífinu og erfiðra fjármálalegra ytri skilyrða. Greinin hefur í gegnum tíðina verið sveiflukenndari en efnahagslífið almennt.

Afnám tolla

Margvísleg vörugjöld á innflutt aðföng voru til lengri tíma vandamál í greininni en þeim hefur fækkað mikið. Talið er að afnám þeirra vörugjalda sem enn eru lögð á, s.s. ýmis hreinlætistæki og rafbúnað, muni ekki hafa nein veruleg áhrif á byggingariðnaðinn – verð á slíkum vörum mun þó líklega lækka nokkuð en sá ávinningur kemur að mestu fram hjá neytendum.

Orkunýting húsa

Á grundvelli EES-samningsins hefur Ísland undanþágu frá tilskipun ESB um orkunýtni bygginga. Að mati stjórnvalda á Íslandi er talið mikilvægt að kanna möguleikann á að halda þeirri undanþágu. Framkvæmd tilskipunarinnar yrði kostnaðarsöm, einkum stjórn-sýslulega en einnig byggingalega. Talið er að innleiðing tilskipunarinnar muni ekki skila Íslandi þeim ávinningi sem aðildarríki ESB hafa af henni sökum þess hversu orkuverð er lágt hér á landi og hún skilaði engu í minni losun gróðurhúsalofttegunda. Einnig er talið að hús á Íslandi séu almennt vel einangruð þótt þau uppfylli ekki endilega kröfur tilskipunarinnar. Ef svo fer að Ísland fái ekki þessa undanþágu sem stjórnvöld sækjast eftir er líklegt að það hafi áhrif á byggingariðnaðinn frá því sem nú er. Bæði getur verkefnum fjölgað vegna breytinga á húsnæði en einnig gæti þurft að breyta verklagi.

Opinber útboð

Sérstakur kafli er í aðildarviðræðum við ESB sem fjallar um opinber útboð. Verkefni fyrir opinbera aðila skipta afar miklu máli fyrir greinina. Þessar reglur eru allar í EES samningnum en talið er að framkvæmd þeirra geti batnað við aðild. Í byggingariðnaði hefur verið nokkuð mikið um erlent starfsfólk og umræða um ýmis álitamál

á vinnumarkaði því tengdu, s.s. starfsmannaleigur og starfsréttindi. Ekki eru sjáanlegar neinar breytingar við aðild á þessu sviði en ljóst er að reglur, einkum hvað varðar starfsréttindi, eru ólíkar innan Evrópu.

Líkt og með flestar aðrar greinar iðnaðarins má gera ráð fyrir takmörkuðum beinum áhrifum. Ákall um stöðugleika er áberandi í þessari grein og ljóst að stöðugra efnahagsumhverfi og lægri vextir skipta sköpum til lengri tíma litið – líklega er engin atvinnugrein á Íslandi eins þjökuð af óstöðugleika í efnahagslífinu um þessar mundir.

Stærri fyrirtæki í alþjóðlegri samkeppni

Nokkur fyrirtæki í iðnaði teljast til stórfyrirtækja og eru í margþættri starfsemi víða um heim. Að mörgu leyti eiga önnur sjónarmið við þegar rætt er um áhrif aðildar að ESB á þessi fyrirtæki en mörg smærri fyrirtæki sem eingöngu sinna heimamarkaði. Ástæðan er öðru fremur sú að þau eru gjarnan með víðtæka starfsemi innan ESB og eru því von að starfa í því umhverfi og eiga viðskipti við svæði utan þess. Þessi fyrirtæki eru að langmestu leyti með tekjur í erlendri mynt og geta hagað framleiðslu sinni með tilliti til þess inn á hvaða svæði er verið að selja vörur eða þjónustu.

Almennt má segja að áhrif aðildar á þessi fyrirtæki séu fyrst og fremst tengd fjármálalegum og efnahagslegum skilyrðum. Óstöðugt gengi krónunnar hefur reynst þeim erfitt og óeðlilega sterkt og óstöðugt gengi kom í veg fyrir að frekari uppbygging þeirra ætti sér stað hér á landi. Leiðrétting á gengi krónunnar hefur haft jákvæð áhrif en á móti hefur óvissa um umgjörð efnahagslífsins neikvæð áhrif. Ákvarðanir um hvar þessi fyrirtæki hafi höfuðstöðvar og skráning þeirra á hlutabréfamarkað getur ráðist af stöðu Íslands gagnvart ESB. Almennt virðast stjórnendur þessara fyrirtækja telja að framtíð þeirra á Íslandi sé bjartari innan en utan ESB. Fyrir þessi fyrirtæki skiptir traust alþjóðasamfélagsins á efnahagsumgjörð landsins verulegu máli. Að svo miklu leyti sem aðild að ESB getur bætt úr því má segja að starfsskilyrði þessara fyrirtækja batni við aðild. Nú þegar eru vísbendingar um slíkt þar sem talið er að aðildarumsókn Íslands ein og sér hafi bætt aðgengi fyrirtækja að fjármagni.

Stóriðja

Vægi stóriðju í íslensku efnahagslífi hefur aukist mikið á fáeinum árum. Á síðasta ári nam verðmæti útflutts áls og kísiljárns 184 milljörðum króna og horfur eru á talsverðri verðmætaaukningu á þessu ári. Stóriðjufyrirtækin eru ólík flestum öðrum fyrirtækjum á Íslandi að því leyti til að þau eru í eigu erlendra aðila. Fyrirtækin hafa þannig erlendan fjárhagslegan bakhjarl og finna minna fyrir hinu svokallaða Íslandsálagi. Þau fyrirtæki sem eru að vinna að nýframkvæmdum þessi misserin finna reyndar fyrir því að erfiðara er að fjármagna verkefni hér á landi en oft áður en það snýr þó fremur að tilsvarandi orkuframkvæmdum. Tekjur þeirra eru í erlendri mynt sem og stærsti hluti útgjalda. Laun, innlend þjónusta og aðföng eru greidd í krónum en raforka og hráefni í erlendri mynt.

**Aukinn
trúverðugleiki**

**Loftlagsstefna
ESB**

Á síðasta ári gerðu íslensk stjórnvöld samkomulag við ESB um að Ísland yrði 28 ríkið sem félli undir loftlagsstefnu sambandsins. Þannig munu stóriðjufyrirtækin á Íslandi búa við nákvæmlega sömu skilyrði og sambærileg fyrirtæki í Evrópu hvað varðar útblástur CO₂. Í samkomulaginu felst að Ísland og ESB munu hafa sameiginlegt markmið um samdrátt í útblæstri en Ísland mun einnig hafa aðkomu að ákvörðunum sambandsins á þessu sviði. Útstreymisheimildir stóriðju á Íslandi munu í framtíðinni fást úr sameiginlegum útstreymisheimildum ESB. Með þessu eru starfsskilyrði stóriðju á Íslandi jöfnuð gagnvart keppinautum innan ESB og munu því ekki breytast við aðild að ESB.

Súrálstollur

ESB leggur aðra tolla á sum aðflutt hráefni en Ísland. Óvída geta slíkar tollabreytingar verið meiri en vegna súrals sem er lykilhráefni við álframleiðslu. Árið 2009 voru flutt inn til landsins 1,56 milljón tonn af súráli fyrir röklega 46,4 milljarða króna. Engir tollar eru lagðir á þessi hráefni. Hins vegar leggur ESB 4% toll á innflutt súrál frá löndum utan sambandsins. Tvær undantekningar eru á þessu þar sem ESB hefur gert fríverslunarsamning við Jamaíka og Súrínam. Önnur mikilvæg aðföng í áliðnaði eru álflúoríð sem ber 5,0% toll. For- og bakskauf sem bera 2,7% toll og ýmis íblöndunarefni sem bera allt að 49% toll (anti dumping toll frá Kína).

Ekki er fyrirsjáanlegt að áliðnaðurinn geti breytt innkaupum sínum með tilliti til breyttra tolla þar sem hráefnin eru ólík að gæðum og hreinleika. Starfsemin hér á landi hefur verið sniðin að eðli hráefna svo sem súrals frá Brasilíu og Ástralíu.

Af þeim 1,56 milljónum tonna af súráli sem flutt er til landsins koma 912 þúsund tonn frá svæðum sem bera 4% toll inn í ESB. Það gæti haft í för með sér toll upp á tæpan 1,3 milljarð króna m.v. verð og viðskiptamynstur á súráli 2009. Hann myndi lenda á álfyrirtækjunum þremur, í misjöfnu magni þó. Ljóst er að um verulegar upphæðir er að ræða sem hafa áhrif á rekstrarforsendur og samkeppnishæfni fyrirtækjanna á Íslandi.

Annað atriði sem þarf að huga að í þessu samhengi er að í lögum og fjárfestingasamningum fyrirtækjanna kemur fram að innflutningur á súráli sé undanþeginn tollum og vörugjöldum.

Að mati SI þarf að tryggja með öllum tiltækum ráðum að engin hætta sé á að tollur verði lagður á innflutt súrál komi til aðildar.

Tollabreytingar geta einnig haft veruleg áhrif á framleiðslu járnblendis hér á landi því ESB virðist leggja aðra tolla á kalsíum og magnesíum en hér er gert. Þessi hráefni eru mikilvæg við framleiðslu járnblendis.

Mjólkuriðnaður

Mjólkuriðnaður er stór atvinnugrein sem reikna má að hafi velt um 29 milljörðum án vsk. á síðasta ári. Alls er mjólkurkvótinn um 116 milljónir lítra. Um helmingur kvótans fer til framleiðslu á osti, smjöri og mjólkurdufti sem jafna sveiflur í eftirspurn. Framleiðsla á hefðbundinni mjólk og ferskvöru fer einkum fram á suðvesturhorninu til að draga úr flutningskostnaði enda eru langstærstu markaðir þar eða um 80% af hlutdeildinni. Afkoma fyrirtækja í mjólkuriðnaði er samofin afkomu kúabænda enda eru afurðastöðvar að mestu í eigu bændanna sjálfra.

**Alvarleg
áhrif aðildar**

Ljóst er að aðild að ESB mun hafa mikil áhrif á mjólkuriðnað og þar með á kúabændur. Starfsumhverfi greinarinnar markast af samningi milli ríkisins og Bændasamtakanna um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu. Samkvæmt honum skal t.d. verja 5.649 milljónum króna árið 2010 til stuðnings greininni. Í honum felst að bændur fá beingreiðslu í samræmi við sinn kvóta sem er reyndar breytilegur frá ári til árs í samræmi við markaðsaðstæður. Eitt af markmiðum samningsins er að ná fram aukinni hagræðingu og lækka verð til neytenda en forsvarsmenn í greininni telja hins vegar að svigrúm til hagræðingar sé lítið því þegar sé búið að hagræða eins mikið og hægt er. Verðlagsnefnd búvara ákveður heildsöluverð fyrir ýmsar grunnvörur en iðnaðurinn hefur sjálfur meira svigrúm til að verðleggja aðrar „sérhæfðari“ vörur. Verðmiðunargjald er notað til að jafna framleiðslukostnað milli afurðastöðva og kostnað við söfnun mjólkur. Loks nýtur greinin tollverndar en lagður er 30% verðtollur og magntollur sem er á bilinu 44-623 kr. kílóíð. Greinin nýtur þannig bæði beinnar og óbeinnar verndar gegn innflutningi.

Vissir hlutar af mjólkuriðnaðinum eru tæpast samkeppnishæfir innan ESB. Ástæðan fyrir því er m.a. skortur á stærðarhagkvæmni, dýrari aðföng, harðbýlla land, hár fjármagnskostnaður og afkastaminnna kúakyn. Umhverfi greinarinnar mun vafalítið breytast við aðild en nákvæmlega hvernig kemur í ljós í aðildarviðræðum enda er sér kafla í aðildarsamningi tileinkaður þessari grein. Aðildarviðræður annarra þjóða hafa að miklu leyti snúist um landbúnað.

**Tollvernd
leggst af**

Ýmislegt liggur þó fyrir um möguleg áhrif: Tollvernd myndi leggjast af. Leiða má að því nokkuð sterkar líkur að ostagerð myndi eiga erfitt uppdráttar enda hafa slíkar afurðir mikið geymsluþol. Líklegt er að framleiðsla á nýmjólk og ýmsum ferskvörum gæti gengið ágætlega enda njótum við vissrar fjarlægðarverndar.

Leiddar hafa verið að því líkur að um 40-50% af núverandi mjólkuriðnaði myndi þola samkeppni við erlenda samkeppnisaðila. Byggir það á þeirri forsendu að ekki verði flutt inn nýmjólk en að ostagerð og mjólkurduftframleiðsla muni að miklu leyti leggjast af.

Eitt af þeim atriðum sem vert er að hafa í huga eru starfsskilyrði greinarinnar og opinber stuðningur til lengri tíma litið. Ekki er sjálfgefið að stuðningurinn, sem er ein af lykilrekstrarforsendum greinarinnar, muni haldast óbreyttur m.a. í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs, en einnig alþjóðlegrar þróunar s.s. á vettvangi WTO.

Mikil andstaða

Ljóst er að félagsmenn SI í mjólkuriðnaði eru andsnúnir aðild og telja sig verða fyrir miklum neikvæðum áhrifum vegna aðildar. Einnig er ljóst að í engri grein iðnaðarins er óvissan um áhrif aðildar meiri enda er þetta eina greinin sem sérstaklega er samið um í aðildarviðræðum.

Kjötiðnaður

Að mestu leyti eiga sömu sjónarmið við um kjötiðnað og um mjólkuriðnaðinn. Rekstrarumhverfi kjötvinnsla og sláturhúsa mun taka miklum breytingum. Líklegt er að ákveðin kjötframleiðsla muni eiga erfitt uppdráttar við óheftan innflutning. Einkum hefur

framleiðsla á svína- og kjúklingakjöti verið nefnd sem dæmi. Einnig

er ljóst að önnur kjötframleiðsla muni verða fyrir áhrifum við mögulega verðlækkun á innfluttum afurðum við afnám tollverndar. Bæði er kjötframleiðslan og slátrun afar smá í evrópsku samhengi og því erfitt að ná fram stærðarhagkvæmni jafnframt sem vinnslukostnaður er hár. Samkvæmt samningi Bændasamtakanna ver ríkið 4.165 milljónum til stuðnings starfsskilyrðum sauðfjárræktar.

Margt ræðst í aðildarviðræðum

Mörgum spurningum er ósvarað bæði varðandi kjöt og mjólkuriðnað og erfitt að segja nákvæmlega til um þróun greinanna ef til aðildar kemur. Atriði er varða kvótakerfi í mjólkurframleiðslu, aðlögun fyrir bændur og þar með úrvinnslufyrirtækin í kjöt og mjólk og fleiri atriði verða einungis útkljáð í aðildarviðræðum.

Þess ber þó að geta að ekki ríkir einhugur um andstöðu við aðild að ESB meðal kjötvinnsla. Sumir telja aðild hagfellda jafnvel þótt að þrengstu hagsmunir fyrirtækja geti verið að standa fyrir utan sambandið – almennari hagsmunir vegi þyngra.

Matvælaiðnaður

Í þessum flokki eru fyrirtæki sem framleiða matvörur af margvíslegum toga, þó ekki kjöt og mjólk. Þyngst vegur framleiðsla á hvers kyns gosdrykkjum, söfum og bjór. Köku- sælgætis- og brauðgerð er einnig veigamikil. Veltan í þessum hópi fyrirtækja á síðasta ári var ríflega 50 milljarðar. Þessi iðnaður veitir miklum fjölda fólks vinnu og vegur þungt í efnahag landsins. Matvælaiðnaðurinn virðist ætla að standa þokkalega af sér efnahagsþrengingarnar. Að svo miklu leyti sem erlendar skuldir eru ekki að íþyngja rekstrinum hefur eftirspurn eftir helstu afurðum dregist lítið saman. Vegur þar þyngst sú staðreynd að matvæli er líklega það síðasta sem almenningur sker niður í útgjöldum sínum þegar kreppir að. Þó er ljóst að neyslumynstur hefur breyst nokkuð.

Lækkun hráefnaverðs

Breytingar í matvælaiðnaði geta orðið býsna miklar ef til aðildar að ESB kemur. Þar vegur líklega þyngst að margvísleg hráefni sem eru nauðsynleg til matvælaframleiðslu gætu lækkað verulega í verði með afnámi tollverndar. Aðild að ESB mun lækka hráefnaverð til framleiðslu á margvíslegum vörum. Þar vegur þyngst verð á ýmsum landbúnaðarafurðum s.s. eggjum, smjöri, osti og mjólkurdufti. Sérstaklega getur þessi þáttur vegið þungt í brauð- og kókugerð. Erfitt er að fullyrða nákvæmlega hversu mikil lækkun gæti orðið en tölur á bilinu 15-25% hafa oft verið nefndar. Við núverandi stöðu gengis krónunnar má þó gera ráð fyrir að lækkunin sé í lægri kantinum. Ekki er talið að verð á korni, sykri og sambærilegum vörum breytist að nokkru ráði.

Helstu matvörur í þessum flokki njóta engrar tollverndar og keppa því á jafnréttisgrunni við önnur fyrirtæki innan ESB. Í raun má segja að í ýmsum tilfellum gildir hið gagnstæða þar sem mörg íslensk fyrirtæki eiga engra annarra kosta völ en að kaupa innlendar landbúnaðarafurðir á meðan sambærilegar innfluttar vörur er hægt framleiða með lægra hráefnisverði.

Kafli 4 – Iðnaðurinn á krossgötum

Stöðu iðnaðarins í dag þarf að skoða í samhengi við efnahagsþróun síðustu ára. Ekki verður dregin önnur ályktun en að efnahags-umgjörðin og hagstjórn hafi mistekist hrapalega. Afleiðingin var hrun íslenska bankakerfisins haustið 2008, frjálst fall krónunnar og djúp efnahagslægd.

Hagstjórnin mistókst

Efnahagsstefnan á árunum 2001-2008 hafði neikvæð áhrif á alla útflutningsstarfsemi og uppbyggingu margra iðnfyrirtækja. Gengi krónunnar var um árabíl haldið óeðlilega sterku með háum vöxtum. Markmiðið var að draga úr verðbólgu og halda aftur af vexti hagkerfisins. Afleiðingin var þveröfug – neysla jókst mikið þar sem innfluttar vörur urðu óeðlilega ódýrar og mikill vaxtamunur milli Íslands og umheimsins ýtti undir erlendar lántökur. Þetta gerðist í skjóli góðs lánshæfismats sem eftir á að hyggja var óraunhæft. Efnahagsstefnan kom í veg fyrir að þær greinar sem munu skipta sköpum við að leiða Ísland út úr kreppunni næðu betri fótfestu.

Viðskiptahallinn fékkst ekki staðist

Viðskiptahallinn jókst stöðugt og ráðamönnum hefði átt að vera ljóst að hann ekki gæti staðist til lengdar og leiðrétting á gengi krónunnar væri óumflýjanleg. Til að auka enn á ójafnvægið og spennuna í hagkerfinu voru beinir og óbeinir skattar lækkaðir. Segja má að stór hluti góðærisins hafi því verið tekinn að láni en viðskiptahallinn ber þess skýr merki. Vinnumarkaðurinn var ofþaninn, mikil umfram- eftirspurn var eftir starfsfólki sem gerði það að verkum að laun hækkuðu langt umfram framleiðniaukningu. Launaskrið sem ekki byggir á aukinni verðmætasköpun getur ekki staðist.

Hluti iðnaðarins naut góðærisins

Iðnaðurinn naut góðærisins líka, einkum byggingariðnaðurinn sem þandist út til að mæta allri eftirspurninni. Byggingariðnaðurinn óx langt umfram það sem eðlilegt gæti talist til lengri tíma litið sem skýrir meðal annars af hverju samdráttur í þeirri grein er nú meiri en í flestum öðrum greinum atvinnulífsins. En mikilvægir hlutar iðnaðarins nutu ekki góðs af góðærinu. Fyrirtæki í útflutningi og samkeppni við innflutning háðu erfiða baráttu vegna óeðlilega sterkrar krónu og nýsköpunar- og sprotafyrirtæki fóru halloka í samkeppni um starfsfólk og fjármagn.

Útrás íslensks iðnaðar

Ein afleiðing af sterku og óstöðugu gengi krónunnar á árunum 2004-2007 er að fjölmörg fyrirtæki kusu að taka út frekari vöxt erlendis fremur en á Íslandi. Það er vissulega hluti af eðlilegri þróun fyrirtækja og þáttur í áhættudreifingu þeirra. Arður af slíkri útrás skilar sér að hluta til Íslands en á móti kemur að fá störf skapast hér vegna þessa.

Fullyrða má að óvissa um efnahagsumgjörð, þ.m.t. aðild að ESB og upptöku evru, hamli frekari uppbyggingu hjá mörgum af stærstu iðnfyrirtækjum landsins hvort heldur er hér heima eða erlendis.

Efnahagslegt vægi iðnaðar

30 þúsund í iðnaði

Iðnaðurinn á Íslandi veitir um 20% vinnufærra manna atvinnu eða á bilinu 30-35 þúsund manns. Þetta hlutfall hefur haldist nokkuð jafnt um árabíl en nokkrar tilfærslur hafa verið milli greina. Síðustu ár

hefur mannvirkjagerð verið mjög mannaflsfræk og á árinu 2008 voru ríflega 17.000 manns starfandi í greininni en í kreppunni hefur starfandi fækkað mikið, jafnvel um helming.

***Iðnaðurinn aftar
tæpan fjórðung
verðmæta-
sköpunar***

Þessi 20% vinnandi manna skapa tæp 25% af landsframleiðslunni. Verðmætasköpun og framleiðni í iðnaði er því tiltölulega há miðað við margar aðrar atvinnugreinar. Vægi iðnaðar í landsframleiðslunni hefur verið nokkuð stöðugt síðustu áratugi en einhver tilfærsla hefur verið milli greina. Vægi hefðbundinnar iðnframleiðslu hefur minnkað en hlutur stóriðju, hátækni iðnaðar og mannvirkjagerðar aukist. Í kjölfar efnahagsþrenginga er líklegt að talsverð breyting verði á uppruna verðmætasköpunar, bæði í iðnaði og öðrum atvinnugreinum. Hlutur útflutnings- og framleiðslugreina mun aukast en fjármálaþjónusta, verslun, mannvirkjagerð fasteigna- og heildsala mun dragast saman.

***Lykilstoðin í
gjaldeyrisöflun***

Efnahagsþrengingarnar sem nú ganga yfir þjóðina draga glögg fram mikilvægi útflutnings og gjaldeyrisöflunar. Árið 2008 aflaði iðnaðurinn um 40% af heildarútflutningstekjum þjóðarinnar. Hagkerfið hvílir á þremur álíka stórum útflutningsstoðum: iðnaði, sjávarútvegi og þjónustu en uppistaðan í því síðastnefnda tengist ferðamennsku og samgöngum. Mikilvægi iðnaðar hefur aukist enn þegar litið er til þess að með öflugri framleiðslu innanlands má spara verðmætan gjaldeyri sem annars færi í innflutning. Á næstu árum er óhjákvæmilegt að reka hagkerfið með myndarlegum og varanlegum afgangi af viðskiptum við útlönd til að standa undir alþjóðlegum skuldbindingum okkar. Öflugur iðnaður er ein af forsendum þess að svo geti orðið.

***Sjálfbær
hagvöxtur***


Efnahagsþróun, með áherslu á framleiðslu og verðmætasköpun, stuðlar ennfremur að heilbrigðari uppbyggingu atvinnulífsins til lengri tíma litið. Mikilvægt er hins vegar að framleiðsla á Íslandi standi á eigin fótum, sé samkeppnishæf og þrífist ekki í skjóli verndar eða takmarkana á erlendri samkeppni. Það er síst til þess fallið að auka skilvirkni og framleiðni íslenska hagkerfisins.

Samkeppnishæfni

Raungengi krónu mælir kaupmátt innlendrar framleiðslu og er hlutfall milli verðlags eða launa á Íslandi og annarsstaðar. Hátt raungengi þýðir að innlent verðlag eða laun á Íslandi eru há miðað við útlönd. Þá er samkeppnisstaða útflutningsgreina slæm. Gengisfall krónunnar frá fyrri hluta ársins 2008 og mikil lækkun á raungengi krónunnar hefur bætt samkeppnisstöðuna. Raunar er raungengið í sögulegu lágmarki. Þannig má segja að verðlag og laun á Íslandi séu orðin lág í alþjóðlegu samhengi. Þetta veldur því að samkeppnishæfni okkar hvað kostnað við vinnuafli varðar er mun betri en áður og skilyrði til útflutnings hagstæð. Raungengið er talsvert undir langtímameðaltali og því ætti að vera aukið svigrúm til styrkingar á gengi krónunnar á næstu misserum. Alvarleg skuldastaða og erfiðleikar í efnahagslífinu geta þó tafið frekari styrkingu í bráð.

**Lágt raungengi
bætir
samkeppnisstöðu
okkar**

Raungengi krónu 1997-2009



**Samkeppnishæfni
verður að
grundvallast á
hæfni**

Færni eða lág laun

Þrátt fyrir að samkeppnishæfni okkar á mælikvarða raungengis sé hagkvæm um þessar mundir hlýtur það að vera markmið okkar að samkeppnishæfni markist af hæfni og aukinni framleiðni en ekki lágum launum. Kaupmáttur okkar í erlendri mynt er með allra minnsta móti og stafar auðvitað af veikri stöðu krónunnar. Með aukinni verðmætasköpun og framleiðniaukningu má bæta þetta. Við það ættu laun að hækka án þess að verðbólga aukist.

Það liggur fyrir að á næstu 10 árum þurfa um 35.000 manns að fá vinnu hér á landi. Það eru þeir sem nú eru atvinnulausir og síðan eðlileg fjölgun á vinnumarkaði. Iðnaður og þjónusta munu bera hitann og þungan af því að skapa þessu fólki starfsvettvang. Það munu hvorki landbúnaður né sjávarútvegur gera að neinu marki. Mikilvægt er að sem flest af þessu fólki fái við störf sem skila því góðum launum og skapi þjóðfélaginu sem mestum tekjum. Veikur gjaldmiðill og óstöðugur gerir þessa uppbyggingu erfiða.

**Stöðugleiki í
gengi**

Krónubyrðin

Eitt af því sem sameinar hagsmuni allra fyrirtækja í iðnaði óháð því hver sé afstaða til aðildar að ESB er stöðugleiki í gengi og samkeppnishæfur fjármagnskostnaður. Fyrirtæki í öllum greinum iðnaðar tala um hið svokallaða Íslandsálag. Raunar er það svo að þeim mun stærri og alþjóðavæddari sem fyrirtækin eru þeim mun meira finna þau fyrir þessu þar sem keppinautar þeirra búa við önnur skilyrði. En hvers vegna er þetta álag á okkur, hvað kostar það iðnaðinn og hver yrði ávinningur þess að losna við það? Þetta eru allt spurningar sem vert er að velta upp auk þess hvort við losnum yfirhöfuð við þetta álag jafnvel þótt við göngum í Evrópusambandið og tökum upp evru.

Upplýsingar um skuldir í iðnaði eru óljósar og raunar hafa ekki verið birtar slíkar upplýsingar frá Seðlabankanum síðan á þriðja ársfjórðungi 2008. Í þeim gögnum hefur því ekki verið tekið tillit til áhrifa efnahagshrunsins en vissulega voru þegar komin fram greinanleg áhrif vegna lækkunar á gengi krónunnar á fyrrihluta ársins 2008. Samkvæmt þessum gögnum voru samanlagðar skuldir

iðnaðarins og mannvirkjagerðar 513 milljarðar í september 2008, þar af voru 375 milljarðar í gengisbundnum lánum. Erfitt er að segja til um stöðuna núna enda hafa efnahagssviptingar, eignaverðs-breytingar og fjármagnsflótti og tilsvarendi gengislækkun mikil áhrif á verðmæti bæði eigna og skulda. Þá er ljóst að verið er að endurskipuleggja efnahag fjölmargra fyrirtækja og raunar er líklegt að þegar hylli undir lok þess ferlis þá muni skuldir verða lægri en sem birtast í gögnum Seðlabankans frá september 2008.

Vaxtamunur og vaxtaálag

Vaxtaálag iðnaðarins

Leiða má að því líkur að vaxtamunur í jafnvægisástandi milli Íslands og helstu viðskiptalandanna sé um 3%. Þannig var munurinn á árunum 2002-2004 þegar efnahagur beggja svæða var í jafnvægi. Ef tekið er mið af stöðunni í september 2008 má áætla að beint vaxtaálag á iðnaðinn í jafnvægisstöðu sé um 15 milljarðar árlega. Undanfarin ár hefur vaxtamunurinn auðvitað verið mun meiri. Hvað sem nákvæmri skuldastöðu líður er ljóst að fyrirtæki í iðnaði eru að sligast undan háum vöxtum og greiðslubyrði. Einu iðnfyrirtækin á Íslandi sem eiga möguleika á að losna undan þessu álagi eru þau sem eiga erlend móðurfélög. Ekki þarf mikið hugmyndaflug til að sjá að efnahagshrunið eitt og sér getur hækkað vaxtaálagið sem leggst á Ísland, a.m.k. í einhvern tíma.

Íslandsálag – ESB aðild

Hverfur Íslandsálagið?

Aðild að Evrópusambandinu hefur oft verið nefnd sem nauðsynlegt skref til að jafna samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs við erlend fyrirtæki, koma á gengisstöðugleika og lækka vexti. Eðlilegt er að velta því upp hvort íslenskur iðnaður muni losna undan Íslandsálagi við aðild að ESB og upptöku evru í fyllingu tímans. Ljóst er að ólík fyrirtæki á evrusvæðinu njóta mismunandi lánsfjárfjara. Fyrirtæki, einkum lítil, á afskekktum svæðum eða í löndum sem búa við mikla efnahagserfiðleika eru líklegri til að búa við hærra álag en stærri fyrirtæki í Mið-Evrópu. Engin ástæða er til að áætla annað en að það sama muni eiga við um Ísland ef kemur til aðildar. Almenn staða í efnahagslífi okkar mun ráða miklu um vaxtaálagið. Ekki er hægt að fullyrða hvert álagið yrði en þó er hægt að reikna með að almennt vaxtastig yrði talsvert lægra þar sem vaxtagrunnurinn yrði í evrum en ekki í krónum. Það hvernig til tekst í endurreisn íslensks efnahagslífs og ekki síst í búskap hins opinbera mun ráða miklu þar um.

Maastricht og ERM-II

Til þess að geta tekið upp evru þarf ríki að uppfylla svokölluð Maastricht skilyrði en þau eru:

- ✓ Verðstöðugleiki: Verðbólga má ekki vera meiri en 1,5% umfram meðaltal verðbólgu í þeim þremur evruríkjum þar sem hún er lægst.
- ✓ Jafnvægi skal vera í ríkisrekstri: Halli í ríkisrekstri má ekki vera umfram þrjú prósent af landsframléiðslu. Skuldir hins opinbera mega ekki vera meiri en nemur 60% af landsframléiðslu
- ✓ Gengisstöðugleiki: Gengi skal hafa haldist innan plús/mínus fimmtán prósent fráviksmarka gagnvart evru í tvö ár.

- ✓ Langtímavextir: Nafnvextir ríkisskuldabréfa til tíu ára skulu ekki vera hærri en tvö prósent umfram samsvarandi vexti í þeim þremur evruríkjum sem hafa lágsta verðbólgu.

Skilyrðin tryggja stöðugleika

Þessum skilyrðum er ætlað að tryggja að ekki sé of mikill munur á efnahagslífi þátttökuríkja og að fjármálastefna sé sem mest í takt við aðhaldsstefnu sem fylgir óhjákvæmilega stóru myntbandalagi. Ljóst er að efnahagskreppan í heiminum hefur gert mörgum núverandi þátttökuríkjum myntbandalagsins erfitt að halda skilyrðin.

Maastrichtsáttmálinn gerir ráð fyrir því að ný aðildarríki ESB taki upp evru. Samkvæmt venju getur þetta fyrst gerst tveimur árum eftir inngöngu og þá aðeins að stöðugleikaskilyrði Maastricht-sáttmálans séu uppfyllt. Telji stofnanir ESB að Ísland uppfylli skilyrðin er umsóknin send ráðherraráði ESB til samþykktar eða synjunar.

ERM-II fyrsta skref

Fyrsta skref Íslands yrði að sækja um aðild að ERM-II en það er kerfi sem felur í sér að gjaldmiðill viðkomandi ríkis er tengdur við evru á föstu gengi en fær að sveiflast um 15% frá miðgildi. Seðlabanki Evrópu og Íslands myndi í sameiningu verja markmiðið. Kerfinu er ætlað að laga viðkomandi aðildarríki ESB að skilyrðum og efnahags-umhverfi evrunnar. Við inngöngu í ERM-II yrði væntanlega samið sérstaklega við okkur um innleiðinguna í ljósi þeirra aðstæðna sem hér ríkja. Þegar aðildarríki ESB sækir um innleiðingu evru og inngöngu í myntbandalag Evrópu er það í höndum framkvæmdastjórnar ESB og Seðlabanka Evrópu að semja við viðkomandi ríkisstjórn og seðlabanka viðkomandi umsóknarríkis.

Ísland og Maastricht skilyrðin

Munum við standast skilyrðin?

Ljóst er að Ísland á talsvert langt í land með að uppfylla þessi skilyrði. Undanfarin ár hefur Ísland eingöngu uppfyllt skilyrðið um halla á ríkissjóði en verið fjarri því að ná almennum stöðugleikaskilyrðum. Ríkisfjármálaskilyrðið mun líklega vera það skilyrði sem mun reynast erfiðast í náinni framtíð. Margir hafa eðlilega af því áhyggjur að það sé tóm mál að taka upp evru vegna þess að Ísland muni aldrei geta uppfyllt þessi skilyrði. Veigamikil rök má færa fyrir því að þessi fullyrðing standist illa. Hagstjórn á Íslandi hefur ekki miðast að því að ná þessum markmiðum sem eru þó mjög almenns eðlis og hagfelld fyrir öll hagkerfi óháð aðild að myntbandalagi. Hingað til hefur eina markmið hagstjórnar á Íslandi miðast að því að halda verðbólgu í skefjum.

Það kann að reynast erfitt að uppfylla þessi markmið en hafa ber í huga að ekkert land hefur reynt það með jafn smá mynt og íslenska krónan er. Þess vegna er mikilvægt að leita eftir samkomulagi við ESB og Seðlabanka Evrópu um sérstakan stuðning við krónuna í aðildarferlinu. Ef slíkt samkomulag næðist yrði auðveldara að ná niður vöxtum og verðbólgu. Hins vegar er ljóst að taka þyrfti sérstakt tillit til skuldastöðu ríkissjóðs. Fordæmi eru fyrir því að tekið sé tillit til slíkra aðstæðna að því gefnu að fyrir liggi raunhæf áætlun um lækkun skulda ríkissjóðs. Belgía er nærtækasta dæmið um það.

Munu sveiflur minnka með aðild?

Margir félagsmenn SI sem rætt var við vörpuðu fram þeirri

spurningu hvort aðild að ESB og upptaka evru í fyllingu tímans feli raunverulega í sér þann stöðugleika sem boðaður er og hvort Ísland þoli yfirhöfuð að vera í myntbandalagi í ljósi þess að gangur efnahagslífsins er jafnan með öðrum hætti en víðast hvar á evrusvæðinu. Þegar hagsveiflan er ósamhverf er hætt við verulegu atvinnuleysi þegar illa gengur en aukinni verðbólgu þegar betur árar í efnahagsbúskapnum. Þá er á það bent að án sjálfstæðrar peningamálastefnu taki lengri tíma að laga hagkerfið að breyttum aðstæðum.

**Aðild mun breyta
hagkerfinu
nokkuð**

Í sögulegu samhengi er það rétt að hagsveifla okkar hefur ekki farið saman með evrópsku hagsveiflunni. Sagan gefur hins vegar takmarkaðar upplýsingar um framtíðina og óvarlegt að álykta að þannig muni það vera um ókomin ár. Spyrja verður hvers vegna hagsveiflan á Íslandi hefur verið á skjön við hina evrópsku. Hagsveiflur hérlendis áttu yfirleitt rætur í sjávarútvegi, annaðhvort vegna breytinga í afla eða afurðaverði. Þótt sjávarútvegur sé mikilvæg atvinnugrein fer vægi hans í heildarþúskap þjóðarinnar minnkandi og þess vegna verður þjóðarþúið ónæmara fyrir sveiflum í sjávarútvegi. Annað sem má nefna er að íslenskt atvinnulíf er að verða fjölbreyttara en áður var.

Áður fyrr byggðist útflutningur fyrst á fremst á sjávarútvegi en nú hvílir útflutningur einnig á stóriðju, hátækni og ferða- og fjármálaþjónustu. Því meira sem útflutningur drífur hagkerfið áfram þeim mun háðara verður það hagkerfum viðskiptalanda okkar. Fyrir vikið eru líkur á verulegum hagsveiflum minni og vaxandi líkur til þess að hjarta íslenska efnahagslífsins slái í takt við hið evrópska.

**Hagsveiflan fer að
líkjast hinni
evrópsku**

Loks má færa fyrir því góð rök að upptaka evru og innganga í Evrópusambandið muni eitt og sér verða til þess að íslenska hagsveiflan líkist meira þeirri evrópsku. Sameiginlegur gjaldmiðill ætti að geta aukið flæði vöru og þjónustu og auðveldað erlendar fjárfestingar milli svæða. Ekki má heldur gleyma jákvæðum áhrifum af frjálsu flæði vinnuafis milli svæða sem við erum þegar farin að njóta góðs af. Sameiginleg mynt mun auka enn frekar á það flæði í báðar áttir. Starfsemi íslenskra iðnfyrirtækja í Evrópu og á alþjóðlegum mörkuðum hefur aukist mikið undanfarin ár. Afkoma þeirra er því háð efnahagsástandinu á meginlandi Evrópu. Allt þetta gerir það að verkum að vaxandi utanríkisviðskipti og útrás íslenskra fyrirtækja auka samhverfu hagsveiflunnar og líkur þess að sveiflur hér minnki.

Íslensk fyrirtæki geta sjaldnast hagað rekstri sínum þannig að rekstrarkostnaður sé í sömu mynt og rekstrartekjurnar, a.m.k. ekki þau sem eru háð erlendum aðföngum og selja framleiðslu sína úr landi. Ætla má að ef krónan viki fyrir evrunni myndi stór óvissuþáttur í rekstri verða að mestu úr sögunni.

Erfiðleikar á evrusvæðinu

**Prófsteinn á
myntbandalagið**

Sú efnahagskreppa sem ríkt hefur í hinum vestræna heimi síðastliðið ár hefur víða vakið upp spurningar um kosti og galla evrunnar. Ljóst er að ekki hafa öll lönd sýnt þann hagstjórnaraga sem nauðsynlegur er til að uppfylla skilyrði um notkun evrunnar og er Grikkland nærtækt dæmi. Á þessari stundu er lítið hægt að fullyrða um framtíð

myntbandalagsins. Hins vegar má leiða að því sterkar líkur að þegar Ísland þarf að taka afstöðu til aðildar að ESB og þátttöku í myntbandalaginu þá ætti að liggja nokkuð ljóst fyrir hvort evran hafi staðist þyngsta próf sem hugsast getur sem er sú ágjöf sem fylgt hefur efnahagsþrengingum upp á síðkastið.

Kafli 5 - Aðildarviðræður og aðkoma SI

Samtök iðnaðarins hafa margvíslegu hlutverki að gegna í aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Í fyrsta lagi eiga samtökin fulltrúa í tveimur af átta samningahópum og skipa einnig fulltrúa í svokallaðan samráðshóp. Fulltrúar SI taka einnig þátt í vinnuhópum á vegum Samtaka atvinnulífsins tengdum Evrópumálum og hugsanlegri aðild að Evrópusambandinu. Í öðru lagi gegna samtökin því hlutverki að miðla upplýsingum til félagsmanna og vera vettvangur skoðana-skipta. Í auknu mæli mun reyna á þennan þátt þegar samningaviðræður fara í gang og ekki síður þegar aðildarsamningur liggur fyrir.

Ferli aðildarviðræðna

Aðildarferlið hefst formlega með því að ríki sem óskar aðildar sendir aðildarumsókn til ráðherraráðs ESB. Að fenginni aðildarumsókn felur ráðherraráðið framkvæmdastjórn ESB að fara með meðferð umsóknarinnar og gefa álit sitt á henni til ráðherraráðsins. Framkvæmdastjórn ESB leggur í framhaldinu mat á umsóknina og leggur til það ferli sem viðhaft skal, þ.m.t. hvort forsendur séu fyrir hendi að hefja aðildarviðræður þegar í stað eða síðar og þá á grundvelli upplýsingaöflunar og eða breytinga sem viðkomandi ríki þarf gera til að uppfylla skilyrði sem Evrópusambandið setur.

Kaupmanna- hafnarviðmiðin

Meginviðmiðin sem framkvæmdarstjórnin horfir til eru svonefnd „Kaupmannahafnarviðmið“ frá 22. júní 1993, sem skera úr um hvort ríki fullnægir skilyrðum aðildar að ESB. Spurningalistar eru notaðir til að kanna stöðu viðkomandi umsóknarríkis en íslensk stjórnvöld fengu slíka lista senda frá Evrópusambandinu í nóvember 2009.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur lagt mat sitt á Ísland og lagt til við ráðherraráðið að hefja formlegar samningaviðræður. Reiknað er með að ákvörðun verði tekin í júní 2010.

Kaupmannahafnarskilyrðin gera m.a. kröfu um að umsóknarríki búi við stöðugar stjórnsýslustofnanir sem tryggja lýðræði, þrískiptingu valdsins, frelsi fjölmiðla, mannréttindi og virðingu fyrir minnihluta-hópum. Einnig er gert ráð fyrir að efnahagslífið búi við virkt markaðshagkerfi sem og getu til að standast samkeppnisþrýsting og markaðsöfl innan sambandsins. Auk þessa er gengið út frá getu umsóknarríkis til að fylgja öðrum skyldum aðildar, þar með talið að gangast undir markmið um pólitískt og efnahagslegt bandalag sem og myntbandalagið.

Greining og samanburður á löggjöf

Greining á löggjöf

Eitt fyrsta skref aðildarviðræðna er að greina löggjöf umsóknarríkis í því skyni að sjá að hve miklu leyti hún er í samræmi við Evrópulöggjöf. Íslensku samningahóparnir eru að undirbúa sig fyrir þetta ferli sem mun líklega hefjast í maí eða júní 2010. Mögulegt er að það tefjist fram á haustið. Markmiðið er að afmarka þá þætti sem viðræður þurfa að beinast að og skapa grundvöll til að meta framgang viðkomandi ríkis í aðlögun sinni að löggjöf ESB. Að lokinni greiningu verður til grunnur formlegra samningaviðræðna og viðkomandi umsóknarríki og aðildarríki ESB móta og leggja fram

samningsafstöðu sína í þeim málum sem eftir er að semja um. ESB mótar sér sameiginlega samningsafstöðu á grundvelli tillagna framkvæmdastjórnar sambandsins.

Formlegar viðræður fara fram á ríkjaráðstefnum milli aðildarríkja ESB og umsóknarríkis. Aðilar skiptast á samningsafstöðu í öllum málaflokkum sem aðild nær til þar til sameiginleg niðurstaða hefur náðst þannig að loka megi viðræðum með formlegum hætti. Alls eru samningskaflar 35 talsins.

Að loknum samningaviðræðum um hvern einstakan kafla tekur við vinna er snýr að því að yfirfæra samningsniðurstöðuna í lagatexta. Sú vinna fer fram í sérstökum vinnuhópi ráðherraráðsins sem síðan ber textann undir umsóknarríki. Þessi vinna fer í raun fram samhliða samningaviðræðum um aðra kafla og býður því ekki heildarniðurstöðu viðræðna. Þegar öllum köflum hefur verið lokað með þessum hætti liggur aðildarsamningur fyrir.

**Samþykkt
samnings**

Ráðherraráð ESB þarf að fallast á aðildarsamning og hann þarf einnig að samþykkja á Evrópuþinginu. Að auki þurfa öll aðildarríki ESB að fullgilda hann, auk umsóknarríkisins sjálfs. Umsóknarríki sem undirritað hefur aðildarsamning sem býður fullgildingar þarf ekki að bíða loka fullgildingarferlis til að taka þátt í störfum ESB. Þegar við undirritun aðildarsamnings fær ríki áheyrnaraðild að öllum stofnunum ESB og er því fullur þátttakandi í starfi ESB meðan fullgildingarferlið stendur yfir. Viðkomandi ríki nýtur ekki atkvæðisréttar í stofnunum ESB og fær ekki framkvæmdastjóra eða dómara við Evrópu-dómstólana fyrr en aðildarsamningur hefur tekið gildi.

Kafli 6 - Áherslur iðnaðarins

Hér eru nefnd nokkur dæmi sem gætu verið hluti af samningsmarkmiðum SI miðað við efni þessarar skýrslu og fyrirbyggjandi stefnu SI.

- ✓ Heildarhagsmunir verði hafðir að leiðarljósi í viðræðum um aðild. Horft verði til atvinnulífs næstu áratuga og þarfa þess frekar en þess sem er eða var.
- ✓ Samið verði um aðild Íslands að ERM II myntsamstarfi Evrópusambandsins á ásættanlegum kjörum fyrir íslenska hagsmuni. Áætlun um inngöngu Íslands í samstarfið verði gerð með stuðningi og ráðgjöf frá Seðlabanka Evrópu og taki gildi um leið og skilyrði samkomulagsins verða uppfyllt.
- ✓ Að sérstaða Íslands á sviði sjávarútvegs verði virt og veiðar og vinnsla geti áfram verið þróttmiklar atvinnugreinar.
- ✓ Að yfirráð Íslands yfir orkuauðlindum sínum verði vafalaus.
- ✓ Að samið verði um heimildir til að styðja við mjólkur- og kjötiðnað með sambærilegum hætti og samþykktar voru í aðildarsamningi Finnlands og Evrópusambandsins.
- ✓ Að tryggja tollfrjálsan aðgang að súráli og öðrum mikilvægum hráefnum.

Næstu skref SI

Þessari áfangaskýrslu er ætlað að upplýsa félagsmenn SI um möguleg áhrif aðildar að ESB. Henni er einnig ætlað að vera umræðugrunnur að áherslum iðnaðarins varðandi aðild að ESB. Samtökin standa vörð um fjölbreytta hagsmuni sem vandasamt er að samhæfa. Umsóknarferlið er rétt að hefjast og raunar hefur Ísland ekki enn fengið formlega stöðu umsóknarlands af hálfu ESB. Gert er ráð fyrir að það verði í júní 2010.

Eftir því sem líður á umsóknarferlið má reikna með að stöðugt komi fram nýjar upplýsingar er varða hagsmuni iðnaðarins með einum eða öðrum hætti. Þessum upplýsingum og öðru sem varða ferlið mun SI miðla í gegnum nýjan vef sem er tileinkaður verkefninu og er á vefslóðinni <http://www.si.is/evropa>. Eftir atvikum verða haldnir félagsfundir þar sem staða umsóknarinnar verður rædd.